

Skóli: _____

Bekkur/námshópur:	Dagsetning:	Tími, frá til:
Námsgrein:	Fjöldi nem. í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda /Einstaklingsvinnu/Blöndu
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu/námshóps:	Nota nemendur UT við nám: Já/nei
Aðrir fullorðnir (hverjir og fjöldi):	Kennsluáherslur: Fræðandi/Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennarar UT við kennslu: Já/nei

Matsmaður skráir við hverja matsáherslu lýsingu á því sem hann sér, heyrir og finnur tengt viðmiðum og áherslum í mati. Skoða hvort lýsingin sem er á gæðastarfi komi fram, hvernig og að hvaða marki. Hægt að líta það sem fram kemur en skrá hjá sér á hvaða hátt það kemur fram. Hér er ekkert mat í gangi bara lýsing og skráning.

Matsáherslur		Tengsl við viðmið um gæði og vísbendingar	
Skipulag og kennsluáðstæður:	Í skólanum sést að nemendur nýta námsumhverfi á fjölbreyttan hátt til sjálfstæðs náms og samvinnu í námi. Nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum námsgögnum og nýta þau.		
Sætaskipan/uppröðun - Hvað er á veggjum/töflunni – Eru reglur sýnilegar - Tölvur og tækni og önnur kennslugögn - Staðsetning kennarans og annarra starfsmanna og virkni þeirra.			
Framvinda kennslustundarinnar:	Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur. Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.		
<i>Mikilvægt að skrá framvinduna vel. Það er grunnur að lokamatínu á kennslustundinni og endurgjöfinni.</i>			
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslufræðilega hæfni kennara er sýnileg í vettvangsathugunum. Kennsluáætlanir þar sem koma fram helstu markmið er tengjast námi liggja fyrir og eru matsmönnum aðgengilegar. Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna. Námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðun. Nemendum eru ljós markmið og viðmið um árangur sem birt er í námsvísun. Nemendum er kennt og taka þátt í að setja sér markmið í námi. Nemendur þjálfast í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.		



Samskipti og samstarf:	Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð sem hluti af námi og kennslu. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins. Samvinna og samstarf nemenda er markvisst þjálfað og notað í námi og kennslu. Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif.
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg í vettvangsathugunum. Fjölbreyttir kennsluhættir sjást í vettvangsathugunum. Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum. Séð er til þess að nám og námsaðstæður styðji við sköpunarþörf nemenda. Nemendur nýta upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni. Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnileg í verkefnum nemenda. Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.
Námsaðlögun:	Í kennsluáætlunum sést hvernig tilhögun námsaðlögunar er háttað. Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Nemendur gera sér grein fyrir og nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi. Nemendur hafa kost á að velja sér verkefni og námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl, í stigvaxandi mæli og það er vel sýnilegt á unglingsstigi.
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.	
<i>Þetta er grunnur að samtali við kennara ef kennari vill fá svörun á störf sín eftir að skóladegi lýkur.</i> <i>2 + 1</i>	
Mat á stundinni samkvæmt fyrirframgefnum viðmiðum. Skrá hvort kennslustundin er frábær, góð í heildina, þrafnist úrbóta eða óviðunandi. Ef metið er óviðunandi þarf að gera kennara og skólustjóra grein fyrir því áður en matsmenn fara af vettvangi. Matið er:	